



Vegir liggja til allra átta á Austurlandi sem annars staðar – og vegleysur líka sem ekki eru síðri kostur. Enginn skyldi sækja fjórðunginn heim án þess að leggja leið um djásn Borgarfjarðar eystra, **Stóruurð** og **Víknaslóðir**. Víknaslóðir ná frá Héraðsflóa í norðri til Seyðisfjarðar í suðri. Þar er fjöldi áhugaverðra, vel merktra og stikaðra gönguleiða við allra hæfi, bæði stuttar leiðir fyrir alla fjölskylduna og lengri leiðir fyrir hina sjóaðri. Aðgengi er mjög gott og aðbúnaður allur. **Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystra** hefur gefið út vandað göngukort af svæðinu í samvinnu við Seyðfirðinga og Héraðsbúa. Heimasiða hópsins geymir ýmsar upplýsingar um svæðið, tillögur að ferðum og göngukort ásamt fjölda mynda. Slóðin er [www.borgarfjordureystri.is](http://www.borgarfjordureystri.is)

Fýsi menn til ferða um Fljótsdals-svarið. Það efnir til hvers kyns sumartímanna og hefur auk þess Fljótsdalshéraðs“ og „Heiðarbýlin í



hérað, þá er **Ferðafélag Fljótsdalshéraðs** gönguferða um fjöll og firnindi yfir gefið út gönguleiðakort yfir „Perlur göngufæri“ þar sem er að finna ýmsar fróðlegar leiðir og upplýsingar fyrir ferðamenn. Frekari upplýsingar er að finna á



[www.fljotsdalsherad.is/ferdafelag](http://www.fljotsdalsherad.is/ferdafelag).

Ferðalög af öðru tagi eru í boði hjá **Út um allt** sem er sérhæfð ferðaþjónusta á Egilsstöðum sem býður upp á eftirminnilegar jeppaferðir um fjöll og firnindi Austurlands. Þauvanir leiðsögumenn á sérbúnum jeppum leggja leið á slóðir sem ella eru ekki ferðalöngum greiðsæknar. Leiðir liggja frá ströndum til fjalla. Þessir vösku jeppamenn bjóða skipulagðar ferðir, t.d í Öskju eða Kverkfjöll, eða ferðir eftir óskum hópa, fyrirtækja og einstaklinga. Slóðin er [utumallt@simnet.is](mailto:utumallt@simnet.is).



Á Eskifirði getur engum leiðst sem samband hefur við **Ferðaþjónustuna Mjóeyri**. Þeir Mjóeyringar bjóða Austurland um allar trissur á alls kyns farkostum; gistingu, hreindýraleiðsögn, gönguferðir, bátaleigu, náttúruskoðun, hellaskoðun, veiðiferðir, skoðunarferðir, hvataferðir, óvissuferðir, söguferðir og vetrarferðir. Sannlega segjum vér yður að þeim Mjóeyringum er ekkert ómögulegt. Slóðin er [mjoeuyri@vortex.is](mailto:mjoeuyri@vortex.is)



Hefurðu komið í Öskju? Séð fegurð Herðubreiðarlinda? Fannir Kverkfjalla og dularmagn Hafrahvammaglúfurs? Ef ekki, þá er ráð að slá vef til **Fjalladýrðar í Möðrudal**. Möðrudælir bjóða skipulagðar ferðir um náttúruperlur Norðurhálandis í bland við kraftmestu kjötsúpu norðan Alpfjalla og kleinur að hætti langa-langömmu! Slóðin er ekki malbikuð en dugir vel! [fjalladyrd@fjalladyrd.is](mailto:fjalladyrd@fjalladyrd.is)

Hefurðu skoðað seli í návígi? Og það á hestbaki? Hefurðu kveikt varðeld á strönd Héraðsflóa? Farið í reiðtúr um grundir Hróarstungu? Skoðað sjóreknar hvalgrindur? Í **Húsey** við ysta haf gerast ævintýrin – og það eftir þínu höfði! [husey@simnet.is](mailto:husey@simnet.is) er svarið við bænum þínum!



„Illt es færleikslaus á Austrlandi at una“, segir í glataða hluta Fljótsdælasögu. Og þó ekki, því þá er neyðin er stærst er **Austurleið** næst! Austfjarðaleið annast áætlunarferðir um byggðir Austfjarða, leigir einnig út bíla til ferða af öðru tagi, jafnt í byggð sem á öræfum, á öllum árstímum. Einnig getur það útvegað gistingu og afþreyingu af ýmsu tagi. Og gleymdu ekki Fjarðaferðum – frumlegustu leið til að skoða Austurland – nefnilega Mjóafjarðar, sjóstangaveiði, innsjávarrómantík! Nánari rekstur er að finna á heimasíðu



[www.austfjardaleid.is](http://www.austfjardaleid.is) og [info@fjardaferdir.is](mailto:info@fjardaferdir.is). Allt Austurland er undir – og útlandið líka! **Tanni Travel** er ferðapjónustufyrirtæki sem ferða, innan Íslands sem utan. starfað hefur í hartnær fjóra áratugi sérfræðingar í að láta hið sem erlendis! Skipulagðar ferðir um svæði – auk þess sem öll Norðurlönd Flug, ferjur, leiðsögn, afþreying, gisting, matur: Sé það á mannlegu valdi, ja, þá er það á Tannlegu valdi! [tannitravel@tannitravel.is](mailto:tannitravel@tannitravel.is)



Viltu bregða þér á bak? Þá sérfræðinga á svæðinu! Að km. frá Egilsstöðum eru í boði sem gera ferðamanninum kleift Austurlands frá öðrum og út um gluggann á japanska með leiðsögn frá 1 klst. upp í 7 daga! Reyndu það sem á borð kemur bak við [gaedingatour@simnet.is](mailto:gaedingatour@simnet.is).



skaltu hafa samband við **Útnyrðingsstöðum**, aðeins 6 lengri og skemmri hestaferðir að sjá og upplifa fegurð óvenjulegri sjónarhóli en gefst jeppanum! Boðið er upp á ferðir

Er fegursta útýni á Íslandi að **Stóra-Sandfelli í Skriðdal**? Því er kjörið að skera úr með því að fara í skipulagðar eins- til fjögurra tíma ferðir um skóga, fjöll og dali. Vinsælir eru reiðtúrar inn í Hjálpleysu

sem er djúpur, sagnaríkur og fagur eyðidalur. Einnig er vinsælt að bregða sér á bak í miðnæturtúra að sumarlagi. [jfk@emax](mailto:jfk@emax) býður svarið við hrossabænum þínum!

Munið þið þegar Karl Bretaprins var ungur og ólofaður og kom reglulega til veiða í Hofsa í Vopnafirði? Hvernig væri að bregða sér í vöðlur hátignarinnar og renna fyrir í Hofsa – sameina veiði og reiðtúr um grænar lendar Vopnafjarðardala. Fákavalið í **Syðri-Vík í Vopnafirði** gerir knapann á hestbaki að kóngi um stund – eða að minnsta kosti prins! [Holmi56@vortex.is](mailto:Holmi56@vortex.is).



**Þetta er alvöru Austurland – og meira til!**

**Góða skemmtun eystra!**

